

Laganefnd L.M.F.Í.

Alþingi
Erindi nr. P 122/287
komudagur 26.11.1997

**Umsögn um frv. til laga um
dómstóla (176. mál).**

Reykjavík, 25. nóvember 1997

Stjórn Lögmannafélags Íslands fól laganefnd félagsins að fara yfir og semja umsögn um frumvarp til laga um dómstóla.

Laganefnd L.M.F.Í. gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. Samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu er megintilgangur þess að styrkja stöðu og sjálfstæði dómstólanna sem þriðju valdastof ríkisins og meðal annars þannig auka tiltrú almennings á starfsemi þeirra. Í frumvarpinu eru mörg merkileg nýmæli um starfsemi dómstólanna og stjórnsýslu. Að mati laganefndar L.M.F.Í. er því afar mikilvægt að vel takist til við þessa lagasetningu. Frumvarpið barst L.M.F.Í. til umsagnar þann 10. nóvember 1997 (með bréfi allsherjarnefndar, dags. 6. nóvember 1997), með fresti til 20. nóvember. Verður sá tími, 10 dagar, að teljast fullskammur umsagnarfrestur, í ljósi þess hversu mikilvægt lagafrumvarp er hér á ferðinni. Í þessu sambandi skal sérstaklega tekið fram, að L.M.F.Í. hefur ekki fengið frumvarpið (eða drög að því) áður sent til umsagnar, þó svo þess sé getið í upphafi athugasemda með frumvarpinu.

2. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir skipun þriggja nefnda, dómnefndar skv. 12. gr., dómstólaráðs skv. 13. gr. og nefndar um dómarastörf skv. 23. gr.

a) Dómnefnd skv. 12. gr. á sér fyrirmynd í 5. gr. laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómvalds og umboðsvalds í héraði. Virðist sú skipan, sem þar er mælt fyrir um, hafa tekist ágætlega.

b) Dómstólaráð skv. 13. gr. hefur hlutverki að gegna, sem m.a. er mælt fyrir um í 14. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að tveir nefndarmanna af þremur verði kjörnir af héraðsdómurum úr þeirra röðum, en að ráðherra skipi einn án tilnefningar og skal hann ekki vera starfandi dómari. Er þessi háttur á hafður í ljósi þess meginmarkmiðs frumvarpsins, að styrkja sjálfstæði dómstólanna í landinu.

Laganefnd bendir á að ekki er að finna sérstakar leiðbeiningar um það með hvaða hætti héraðsdómarar landsins kjósi sína fulltrúa í dómstólaráð. Þá bendir laganefnd á að ekki er að finna sérstök hæfisskiilyrði fyrir þaun nefndarmann, sem dómsmálaráðherra skipar án tilnefningar. Telur laganefnd heppilegt, í ljósi hlutverks dómstólaráðs, að sá nefndarmaður sé lögfræðingur að mennt.

c) Nefnd um dómarastörf skv. 23. gr. hefur margvíslegu hlutverki að gegna, sem ákvæði er að finna um í 4. kafla laganna. Ráðgert er að Dómarafélag Íslands tilnefni

einn nefndarmanna en að dómsmálaráðherra skipi hina tvo án tilnefningar, þar af annan sem formann nefndarinnar. Samkvæmt 4. mgr. 23. gr. er það dómsmálaráðherra sem ákveður þóknun fyrir setu í nefndinni. Valdsvið nefndarinnar tekur bæði til hæstaréttardómara og héraðsdómara.

Nefndinni er m.a. ætlað að taka við erindum frá dómsmálaráðherra vegna ætlaðra ávirðinga dómara, en af slíku tilefni gæti nefndin veitt dómara áminningu. Þá veitir nefndin einnig umsögn um ávirðingar á hendur dómara, áður en dómsmálaráðherra veitir honum (héraðsdómara) lausn frá embætti um stundarsakir eða leggur slíkt til við forseta Íslands (á við um hæstaréttardómara).

Í ljósi meginmarkmiða frumvarpsins og með hliðsjón af valdsviði nefndarinnar, þ. á m. agavalds yfir dómurum landsins (sbr. 27. og 28. gr.), telur laganefnd L.M.F.Í. það óheppilegt fyrirkomulag, og raunar í andstöðu við meginmarkmið frumvarpsins, að dómsmálaráðherra hafi því sem næst óbundnar hendur um skipun meirihluta nefndarinnar.

3. Í 26. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að nefnd um dómarastörf setji almennar reglur um hvers konar aukastörf geti samrýmt embættisstörfum dómara. Geti nefndin með rökstuddri ákvörðun meinað dómara að gegna aukastarfi. Dómara beri að hlíta slíku banni en sé heimilt að leita úrlausnar dómstóla um lögmæti þess.

Laganefnd vekur athygli á því að það færast mjög í vöxt í íslenskri löggjöf að úrlausn ágreiningsmála á tilteknum sviðum er falin kær- eða úrskurðarnefndum. Án þess að fjölyrt sé hér um hvort slíkt fyrirkomulag sé heppileg aðferð í íslenskri réttarskipan til lausnar ágreiningsmálum, telur laganefnd rétt að benda á að það er mjög óheppilegt að embættisdómarar veljist til setu í slíkum nefndum. Staða þeirra sem nefndarmanna er ekki sú sama og sem dómara, heldur gilda þar um reglur stjórnarsýslunnar. Störf þeirra í stjórnarsýslunefndum getur dregið úr tiltrú almennings á sjálfstæði þeirra sem dómara. Að mati laganefndar kemur vel til greina að lögbjóða beinlínis bann við því að embættisdómarar og löglærðir starfsmenn dómstólanna sitji í slíkum stjórnarsýslunefndum, sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni.

4. Í síðustu málsgrein kafla II í athugasemdum með frumvarpinu (á bls. 18) er þess getið að til skoðunar hafi komið hvort betur færi á því að annar ráðherra en dómsmálaráðherra (æðsti yfirmaður lögreglu og saksóknar) færi með það vald varðandi dómstólana, sem mælt er fyrir um í frumvarpinu.


Að mati laganefndar L.M.F.Í. er hér um mjög athyglisverð sjónarmið að ræða og fyllilega ástæða til að nota tækifærið nú, við meðferð þessa frumvarps, að kanna þau betur, sbr. m.a. athugasemdin undir lið 2.c) hér að framan. Er í því sambandi vísað til orðalags í athugasemdunum (á bls. 21) að ekki sé "nægjanlegt að sjálfstæðið og hlutleysið sé tryggt í reynd, heldur verður það einnig að vera sýnlegt hverjum sem er".

5. Í 3. mgr. 32. gr. frumvarpsins er ráðgert að málshöfðunarfrestur vegna dómsmáls á hendur ríkinu vegna tjóns af völdum athafna eða athafnaleysis dómara sé 6 mánuðir frá því að tilefni til bótaskyldu mátti vera orðið ljóst, nema afsakanlegt þyki að það hafi ekki verið gert innan þess frests. Er hér um að ræða tillögu að lagfæringu á réttarástandinu, eins og það er nú, sbr. athugasemd með 32. gr.

Að mati laganefndar L.M.F.Í. er þessi tillaga jákvæð, svo langt sem hún nær. Telur nefndin hins vegar að 6 mánaða fresturinn sé of skammur. Almennur fyrningarfrestur skaðabótakrafna er 10 ár samkvæmt fyrningarlögunum en styttri frestir kunna að finnast í sérlögum. Verður ekki séð hvað réttlætir svo skamman málshöfðunarfrest, sem hér er lagt til að verði lögfestur.

6. Laganefnd mun sakna titilsins hæstaréttarritari, sem rötgróinn er íslensku réttarhari og svipmeiri og virðulegri en sá titill, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Spurning er hvort hefðarinnar vegna megi ekki halda í hinn gamla titil, þótt starfsskyldur hæstaréttarritara hafi vissulega breyst á löngum tíma.

Virðingarfyllt
f.h. laganefndar L.M.F.Í.



Marteinn Másson, framkv.stj.